

Minnisblað

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
Frá: Margrét Geirsdóttir
Dags. 15. október 2020
Mnr. 2020010031



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað, viðauki 15. Barnavernd

Eftirfarandi er greining viðauka niður á einstaka liði í áætlun barnaverndar fyrir árið 2020:

Liðurinn 4311, Lögfræðiþjónusta m.ekr.vsk hækkar um 7.800.000,-. Ástæðan fyrir mikilli hækkun er m.a. sú að samkomulag varð á milli aðildarsveitarfélaganna um að áætlun ársins 2020 yrði kr. 500.000,- á grundvelli þess að um mjög breytilegan kostnað er að ræða eftir árum. Reyndin er að aðkeypt lögfræðiþjónusta hefur verið mjög mikil og stefnir að óbreyttu í að verða kr. 8.300.000,- á árinu. Í þessum lið felst einnig kostnaður þar sem barnaverndarnefndin styrkir foreldra/börn, sem standa í máli gegn nefndinni, til greiðslu á lögfræðikostnaði.

Liðurinn 1971, Matarkostnaður lækkar um kr. 98.000,- þar sem starfsmenn í barnavernd nýta mótuneyti minna en áður.

Liðurinn 4211, Fargjöld innanlands lækkar þar sem ferðum sérfræðings frá Barnahúsi hefur fækkað verulega á árinu vegna Covid-19, sem og ferðum starfsmanna á námskeið eða í aðrar vinnutengdar ferðir. Lækkunin nemur kr. 642.054,-.

Liðurinn 4391, Sérfræðiþjónusta án vsk. á reikn. hækkar um kr. 1.950.054,-. Hækkunin orsakast að mestu af kostnaði vegna greiningar á sýnum sem send eru til greiningar hjá rannsóknarstofu vegna gruns um fíkniefna/lyfjaneyslu og kostnaði vegna kaupa á sérfræðiþjónustu í Reykjavík vegna eftirlits með umgengni.

Liðurinn 4912, Auglýsingar er settur inn þar sem ekki hafði verið gert ráð fyrir að það þyrfti að auglýsa eftir starfsfólki í barnavernd. Hækkun nemur kr. 70.000,-.

Liðurinn 4912, Ráðstefnu-, námskeiðsgjöld er lækkaður um kr. 80.000,-, ástæðuna má rekja til Covid-19.

Heildarhækkun skv. viðauka í barnavernd er kr. 9.000.000,-. Þessi hækkun skiptist hlutfallslega á milli aðildarsveitarfélaganna þriggja þannig: Ísafjarðarbær 76,61%, Bolungarvíkurkaupstaður 19,21%, Súðavíkurhreppur 4,18%.

Virðingarfyllst,

Margrét Geirsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar